

Mál nr. 151/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X.****Vinnuslys í eldhúsi 28. ágúst 2019.****Gögn.**

1. Málskot, móttékið 19. apríl 2021, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 27. apríl 2021 ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur f.h. lögmans M, dags. 21. maí 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M var við störf hjá X við smurbrauðsgerð þegar hún féll við eftir að hafa runnið í bleytu í vinnsluherbergi eldhúss hinn 28. ágúst 2019. Samkvæmt læknisvottorði varð M óvinnufær vegna afleiðinga slyssins 2. september 2019. Í yfirlýsingu samstarfskonu M dags. 23. febrúar 2021 kemur fram að upphvottavél í eldhúsi X hafi verið biluð dagana í kringum slys M og það haf leitt til þess að bleyta lak frá vélinni á gólfíð í eldhúsinu.

M telur að aðstæður á vinnustað X hafi verið ófullnægjandi og ekki í samræmi við fyrirmæli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum þar sem yfirmenn M hefðu ekki gætt að því að láta laga upphvottavél sem þeir hefðu vitað að væri biluð. M bendir á að viðgerðaraðili hafi verið fenginn á staðinn eftir slys hennar og ekkert liggi fyrir um að vélin hafi þá verið í lagi. M vísar til þess að klútar hafi verið lagðir við vélina sem sýni að hætta hafi verið á því að vatn rynni frá henni og þannig hafi aðstæður verið ófullnægjandi. Einnig vísar M til þess að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins og eigi því að leggja frásögn hennar til grundvallar varðandi málsatvik.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ósannað að aðstæður hafi verið ófullnægjandi á vinnustaðnum. V hefur eftir starfsmönnum X að umrædd upphvottavél hafi ekki verið biluð og klútar hafi verið hafðir við hana einungis til að taka við eðlilegu smiti sem gæti komið frá slíkri vél. Einnig vísar V til þess að M hafi ekki leitað læknis fyrr en 10 dögum eftir slysið og þannig hafi tilkynningarskylda til Vinnueftirlitisins skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 ekki stofnast á slysdegi eða daginn eftir.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um málsatvik. Ekki verður séð af gögnum málsins að tilkynningarskylda hafi stofnast hjá X vegna vinnuslyss M skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Frásögn M verður því ekki lögð til grundvallar málsatvikum eins og dómaframkvæmd ber með sér þegar slík tilkynningarskylda hefur verið vanrækt. Yfirlýsing samstarfskonu M í febrúar á þessu ári verður ekki talin fela í sér sönnun um bilun upphvottavélar og að yfirmönnum hafi mátt vera það ljóst og þannig hafi þeir átt að grípa til sérstakra ráðstafana. Slys M telst því vera óhappatvik sem X ber ekki skaðabótaábyrgð á og á því ekki rétt til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 10. júní 2021.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.